

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Múlavirkjunar í Eyja- og Miklaholtshreppi.

Sveitarstjórn Eyja- og Miklaholtshrepps samþykkti á fundi sínum 13. ágúst 2016 deiliskipulagsbreytingu vegna Múlavirkjunar í Eyja- og Miklaholtshreppi.

Svæðið sem deiliskipulagið tekur til afmarkast af upptökum Straumfjarðarár við Baulárvallavatn og liggur til suðurs með ánni. Það er tæplega 18 ha að stærð. Deiliskipulagið er afmarkað með sama hætti og eldra gildandi deiliskipulag þ.e. afmörkun skipulagssvæðis er óbreytt en stíflan flutt ofar í Straumfjarðará, breytingar eru gerðar á skilmálum mannvirkja s.s. byggingarreitur stöðvarhúss stækkaður og skilmálum um hæð hússins breytt, afl aukið úr 1,9 MW í 3,2 MW í samræmi við þegar orðnar framkvæmdir og uppistöðulón minnkað. Deiliskipulagið tekur ekki til Baulárvallavatns.

Ekki eru fyrirhugaðar neinar verklegar framkvæmdir vegna Múlavirkjunar í tengslum við deiliskipulagsbreytinguna, en breytingin er gerð í þeim tilgangi að samræma deiliskipulagið og virkjunina eins og hún hefur verið byggð upp og rekin.

Nýja deiliskipulagið ber heitið „Múlavirkjun“ og mun fella úr gildi það eldra sem auglýst var í B-deild Stjórnartíðinda þann 27. febrúar 2004, nr. 185/2004.

Deiliskipulagssvæðið er í samræmi við aðalskipulag Eyja- og Miklaholtshrepps 2008-2020, en svæðið er skilgreint sem iðnaðarsvæði í aðalskipulaginu.

Deiliskipulagið fellur undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og var því unnin umhverfisskýrsla sem er hluti deiliskipulagsins.

Deiliskipulagsbreytingin var auglýst samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög gera ráð fyrir.

Breytingin á deiliskipulaginu tekur þegar gildi.

Borgarnesi, 12. desember 2016.

F.h. sveitarstjórnar Eyja- og Miklaholtshrepps,
Jökull Helgason, skipulags- og byggingarfulltrúi.